



# ÁFORM UM LAGASETNINGU

– sbr. samþykkt ríkisstjórnarinnar frá 24. febrúar 2023, 1.–4. gr.

Málsheiti og nr.	Frumvarp til laga um breytingu á lögum um sjúkratryggingar (stjórn sjúkratryggingastofnunarinnar) - HRN25030145
Ráðuneyti /verkefnisstjóri	Heilbrigðisráðuneyti
Innleiðing EES-gerðar?	<input type="checkbox"/> Já <input checked="" type="checkbox"/> Nei
Dags.	26. mars 2025

## A. Úrlausnarefni

### 1. Forsaga máls og tilefni.

Lög um sjúkratryggingar, nr. 112/2008, tóku gildi 1. október 2008. Við gildistöku urðu Sjúkratryggingar Íslands sérstök stofnun, en málefni sjúkratrygginga heyrðu fyrir gildistöku laganna undir Tryggingastofnun. Samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga um sjúkratryggingar skipar ráðherra fimm menn í stjórn sjúkratryggingastofnunarinnar. Hlutverk stjórnar er að staðfesta skipulag stofnunarinnar, árlega starfsáætlun og fjárhagsáætlun og marka henni langtímastefnu, sbr. 2. mgr. 6. gr. laganna. Stjórn hefur eftirlit með starfsemi Sjúkratrygginga og að rekstur sé innan ramma fjárlaga á hverjum tíma. Er þóknun til stjórnarmanna greidd af rekstrarfé Sjúkratrygginga.

Ríkisstjórnin hefur lagt sérstaka áherslu á hagræðingu í ríkisrekstri. Í tillögum starfshóps forsætisráðherra til ríkisstjórnar, eftir samráð við almenning, sem skilað var þann 4. mars sl., er lagt til að stjórnir almennra stofnana verði lagðar niður. Segir í þessu sambandi að slíkar stjórnir hafi oft óljósa stöðu og hlutverk og hætta á að ábyrgðarskil stjórnar og forstöðumanns stofnunar verði óljós. Eru Sjúkratryggingar nefndar í dæmaskyni um þá stofnun sem kemur til skoðunar. Ráðuneytið hefur ákveðið að gera breytingar á lögum um sjúkratryggingar sem fela í sér að stjórn Sjúkratrygginga verði lögð niður í samræmi við tillöguna. Framangreind sjónarmið hafa áður verið sett fram, svo sem í skýrslu verkefnisstjórnar um stofnanakerfi ríkisins frá apríl 2015 og skýrslu Ríkisendurskoðunar frá 2018.

### 2. Hvert er úrlausnarefnið?

Leggja niður stjórn Sjúkratrygginga.

### 3. Að hvaða marki duga gildandi lög og reglur ekki til?

Lög um sjúkratryggingar kveða á um að stjórn sé yfir Sjúkratryggingum.

## B. Markmið

### 1. Stefna hins opinbera á viðkomandi málefnasviði/málaflokki.

Stjórnsýsla velferðarmála fellur undir málefnasvið 32 í fjármálaáætlun. Í fjármálaáætlun fyrir árin 2025-2029 segir m.a. að framtíðarsýn málaflokksins sé að íslensk heilbrigðisþjónusta sé á heimsmælikvarða og að árangur þjónustunnar sé metinn með því að mæla gæði hennar, öryggi, aðgengi og kostnað.

### 2. Markmið sem að er stefnt með lagasetningu í ljósi úrlausnarefnis og stefnu stjórnvalda.

Markmiðið með lagasetningu er að hagræða í ríkisrekstri og gera ábyrgð á rekstri Sjúkratrygginga skýrari með því að fela forstjóra stofnunarinnar það hlutverk sem stjórn hefur hingað til verið falið samkvæmt lögum.

<b>C. Leiðir</b>
<ol style="list-style-type: none"> <li><b>Ekkert aðhafst - hvaða afleiðingar hefði það?</b> Stjórn Sjúkratrygginga áfram að störfum.</li> <li><b>Önnur úrræði en lagasetning sem metin hafa verið.</b> Lagasetning eina úrræðið.</li> <li><b>Mögulegar leiðir við lagasetningu.</b> Leggja fram frumvarp sem eingöngu breytir 6. og 7. gr. laga um sjúkratryggingar. Einnig væri unnt að gera breytingarnar í frumvarpi um ýmsar breytingar á lögum um sjúkratryggingar eða í svokölluðum bandormi þar sem lagðar yrðu niður stjórnir ýmissa ríkisstofnana. Á þessu stigi er stefnt að því að fara fram með frumvarp sem tekur eingöngu til breytinga á 6. og 7. gr. laga um sjúkratryggingar.</li> </ol>
<b>D. Hvaða leið er áformuð og hvers vegna?</b>
<ol style="list-style-type: none"> <li><b>Stutt lýsing á þeirri leið sem áformuð er og rökstuðningur fyrir henni.</b> Frumvarpið mun fela í sér að stjórn Sjúkratrygginga verði lögð niður með breytingum á lögum um sjúkratryggingar. Þá verði hlutverk forstjóra í lögunum skýrt nánar, með það fyrir augum að hann annist, að því marki sem nauðsynlegt er talið, það hlutverk sem stjórn hefur haft með höndum.</li> <li><b>Helstu fyrirhuguðu breytingar á gildandi lögum og reglum, hvort heldur bætt er við eða fellt brott.</b> Lagt verður til að fella brott 6. gr. laganna og gera breytingar á 7. gr. laganna.</li> </ol>
<b>E. Samræmi við stjórnarskrá og þjóðarétt – aðrar grundvallarspurningar</b>
<ol style="list-style-type: none"> <li><b>Koma áformin inn á svið stjórnarskrár og þjóðréttarskuldbindinga?</b> Nei.</li> <li><b>Varða áformin ákvæði EES-samningsins um ríkisaðstoð, tæknilegar reglur um vöru og fjarþjónustu eða frelsi til að veita þjónustu?</b> Nei.</li> <li><b>Er önnur grundvallarlöggjöf sem taka þarf tillit til?</b> Nei.</li> </ol>
<b>F. Samráð</b>
<ol style="list-style-type: none"> <li><b>Hverjir eru helstu hagsmunaaðilar?</b> Sitjandi stjórn Sjúkratrygginga. Forstjóri Sjúkratrygginga.</li> <li><b>Er skörun við stjórnarmálefni annarra ráðuneyta?</b> Nei.</li> <li><b>Samráð sem þegar hefur farið fram.</b> Stjórn Sjúkratrygginga og forstjóri hafa verið upplýst um áformin.</li> <li><b>Fyrirhugað samráð.</b> Áformin verði birt í samráðsgátt.</li> </ol>
<b>G. Mat á áhrifum þeirrar leiðar sem áformuð er</b>
<ol style="list-style-type: none"> <li><b>Niðurstaða frummats á áhrifum, sbr. fylgiskjal.</b> Útgjöld Sjúkratrygginga dragast saman um u.þ.b. 7 millj. kr. á ári. Skýrari ábyrgð á stjórnun Sjúkratrygginga.</li> </ol>

## H. Næstu skref, innleiðing

1. Hefur verið gerð verkefnisáætlun fyrir frumvarpssmíðina?

Já.

2. Hvernig verður staðið að innleiðingu löggjafar? Hvað má gera ráð fyrir að þeir sem verða fyrir áhrifum, opinberar stofnanir/hagsmunaaðilar/almennigur, þurfi langan tíma til undirbúnings/aðlögunar?

Gert verður ráð fyrir nokkurra mánaða fyrirvara á gildistöku.

3. Hvaða forsendur þurfa að vera fyrir hendi til að lagasetning beri árangur?

Skýrt hlutverk forstjóra Sjúkratrygginga í lögum um sjúkratryggingar m.t.t. fyrra hlutverks stjórn stofnunarinnar.

4. Mælikvarðar á árangur og útkomu.

Hvernig forstjóri Sjúkratrygginga mun annast hlutverk sem stjórn er nú falið samkvæmt lögum um sjúkratryggingar.

5. Hefur verið hugað að því að afla gagna til að meta árangur þegar þar að kemur?

Ráðuneytið mun óska eftir upplýsingum frá forstjóra Sjúkratrygginga um áhrif lagasetningarinnar á störf hans.

## I. Annað

## J. Fylgiskjöl

1. Mat á áhrifum lagasetningar – Frummat, sbr. eyðublað.
2. Önnur fylgiskjöl eftir atvikum. Tillögur starfshóps forsætisráðherra til ríkisstjórnarinnar eftir samráð við almenning, skilað 4. mars 2025. Skýrsla verkefnisstjórnar um stofnanakerfi ríkisins frá apríl 2025. Skýrsla Ríkisendurskoðunar til Alþingis um stjórnir stofnana ríkisins, frá júní 2018.